Stjórnarfundur 12.01.26

Mættir eru
Anna Eyjólfs, Hlynur, Pétur, Anna Rún, Helga Óskarsdottir
Ritari Anna Rún

Fundur með formönnum fagfélaga 16:00-17:00
Mættir eru Logi Bjarnason, Guðný Rúnarsdóttir, Guðbjörg Lind Jónsdóttir
Farið stuttlega yfir verkefni félganna
Félag íslenskra myndlistarmanna, heimasíða í farvatninu. www.fim.is
Leirlistafélagið, félagið er 45 ára í ár, sýning í vor í Grafíkfélaginu.
Myndhöggvarafélagið, er að taka yfir og umbreyta húsi Hallsteins í Ysta Seli, ætla að setja á laggirnar Alþjóðlega vinnustofu.

Uppástunga um stóra samsýningu fyrir öll fagfélögin, væri spennandi að skoða það með söfnum úr ólíkum fögum.

Fundur stjórnar SÍM 17:00-18:00
Mættir eru
Anna Eyjólfs, Hlynur, Pétur, Anna Rún, Júlía, Ingibjörg
Ritari Anna Rún
Fundarefni

Samkeppni á orkureit í kjölfar af bréfi sent af Katrínu Oddsdóttur lögræðing fyrir hönd fjögurra af fimm umsækjendum um verk í almannarými.

Spurningar stjórnar til Ingibjargar
Ágreiningsefni, þar sem skv lögfræðingi er farið á svig við samkeppnisreglur SIM:
1. Auglýst að samkeppni fari eftir samkeppnisreglum SIM
2. Sami aðili sat í forvalsnefnd og dómnefnd
3. Einungis einn fulltrúi frá SIM en ekki tveir eins og stendur í reglum
4. Einkasamtöl listamanna við lóðarhafa gáfu andstæðar upplýsingar við það sem valnefnd valdi.

Formaður og Ingibjörg benda á að 8. Apríl 2024 var samþykkt af Stjórn SIM frávik á samkeppnisreglum SIM í tengslum við tiltekin útboð Reykjavíkurborgar og einkaaðila á samkeppnum um verk í almannarými. Þá hafi safnstjóri LR farið þess á leit að lóðarhafi fái tvo fulltrúa í stað eins, og að SIM hafi einungis 1 fulltrúa. Ekki var gætt að þessu við fyrstu

auglýsingu um samkeppni, en í keppnislýsingu sem send var á þá fimm listamenn sem valdir voru til þáttöku kemur fram að tveir fulltrúar verði frá lóðarhafa og einn frá SIM.

[Spurningar til Trúnaðarmanns]